

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 — 1982

---

---

14. janúar 1982.

3

Nr. 3.

## FORSETABRÉF um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfundar miðvikudaginn 20. janúar 1982 kl. 14.00.

*Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Gunnar Thoroddsen.*

16. febrúar 1982.

Nr. 4.

## AUGLÝSING um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag í opinbera heimsókn til Bretlands.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 16. febrúar 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

---

*Guðrún Sigurðardóttir.*